

Skólaráð 1.febrúar 2013 kl. 13:00

Mætt eru: Alda, Sólveig, Árni Jón, Guðlaug Ósk, Gróa, Þórhildur og Þóranna
Lára Helgadóttir boðaði forföll.

1. Nýtt skipulag fyrir „drop off“ svæði við skólann. Á fundinn mætti Finnur Birgisson skipulagsfulltrúi Mosfellsbæjar, Þráinn Hauksson landslagsarkitekt og Elías Pétursson formaður skipulagsnefndar. Þeir kynntu nýtt deiliskipulag fyrir gangandi og akandi vegfarendur Varmáarskóla. Fundarmönnum leist vel á þessar tillögur sem kynntar voru. Þóranna spurði þessa aðila hvort þeir væru til í að koma og kynna þessar tillögur á samræðufundi skólasamfélagsins og skólaráðs sem haldinn verður fljótlega. Þeir ætluðu að skoða það og athuga hvort það væri tímabært. Þessar tillögur á einnig að kynna fyrir ungmennaráði í næstu viku. Guðlaug ósk ræddi um að sniðugt væri að umsjónarkennarar ræddu þetta við nemendum sínum og gengu með þeim um svæðið svo þeir áttuðu sig betur á aðstæðum.
2. Drög að Skóladagatal fyrir skólaárið 2013-2014 var kynnt. Fundurinn samþykkti skóladagatalið eins og það lítur út. Fundurinn telur mikilvægt að Varmáarskóli fái að halda fyrirkomulagi með árshátíð og vorhátíð með fyrirkomulaginu „tvöfaldur dagur“.
3. Starfsáætlun var kynnt og farið yfir. Fundurinn samþykkti hana.
4. Fundur skólaráðs með skólasamfélaginu. Samkvæmt reglugerð um skólaráð ber að halda einn fund með skólasamfélaginu. Stungið var uppá að halda þann fund 21.febrúar í skólanum frá kl. 20:00-21:30. Hugmyndin er að hafa stutt erindi og svo nokkrar stöðvar sem fólk getur farið á kynnt sér málin og rætt við aðila. Hugmyndir eru um að nemendaráð komi að þessu fundi, námsráðgjafar, afturelding. Mikilvægt er að við hittumst og skipuleggjum þennan fund. Gert er ráð fyrir að þeir aðilar sem sitja í skólaráði mæti á fundinn.
5. Önnur mál – ekki voru önnur mál

Fundi slitið
Þóranna Rósa Ólafsdóttir skólastýra